

## Reglur um samskipti skóla og trúfélaga í Árborg

- Í samskiptum skóla og trúfélaga skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla sem eru í gildi hverju sinni og skólastefnu sveitarfélagsins. Út frá áherslum í skólastefnu Árborgar 2013-2016 skal meðal annars taka mið af eftirfarandi leiðarljósi og markmiðum:

**Leiðarljós:** Skólar skulu leitast við að vera í góðum tengslum við nærsamfélag sitt og nýta þau tækifæri sem það hefur upp á að bjóða.

**Marmið:**

- Virk og góð tengsl séu á milli samfélagsins og skólans þar sem gagnkvæm virðing ríkir gagnvart þörfum og skyldum allra aðila.
- Skólar leitast við að efla skilning nemenda á uppbryggingu nærsamfélagsins.

- Í samskiptum skóla og trúfélaga skal leggja áherslu á mikilvægi vandaðrar trúar-bragðafræðslu í fjölmenningarsamfélagi. Þættir í slíkri fræðslu geta verið vettvangs-heimsóknir til trúfélaga og að fulltrúum þeirra sé boðið í kennslustund til að fræða um trú sína og trúfélag.

Mikilvægt er að fræðsla þessi og heimsóknir séu á vegum skólans og í þeim tilgangi að fræða nemendur um tiltekin trúarbrögð, inntak þeirra, helgidóma og siði en feli ekki í sér innrætingu tiltekina trúarskoðana eða tilbeiðslu.

Vettvangsheimsóknir til trúfélaga og heimsóknir fulltrúa þeirra í skóla skulu taka mið af ofangreindu og vera innan ramma aðalnámskráa og skólastefnu Árborgar.

- Heimsóknir í kirkjur í tengslum við stórhátiðir kristninnar telst hluti af fræðslu um trúarhátiðir og menningarlega arfleifð þjóðarinnar. Gæta þarf þess að foreldrar og skólaráð séu upplýstir tímanlega um námstilhögun, námsefni og vettvangsferðir.
- Forðast skal eftir fremsta megni að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum.

Um almenna kynningu eða auglýsingar á starfsemi trúfélaga í skólum skulu gilda sömu reglur og um kynningu annarra félagasamtaka.

Reglur þessar grundvallast á þeim meginviðmiðum sem fram koma í tillögu starfshóps mennta- og menningarmálaráðuneytisins, sem skipaður var 4. október 2012. Biskupsstofa, Heimili og skóli, Kennarasamband Íslands, Samband íslenkra sveitarfélaga og Siðmennt áttu fulltrúa í hópnum, auk fulltrúa ráðuneytisins.



Samþykkt í bæjarráði Árborgar fimmtudaginn 18. desember 2014